

Fundur íbúaráðs Grafarvogs 3. október 2022. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og fulltrúa íbúasamtaka um lagningu keppnisvallar og uppbyggingu áhorfendaaðstöðu við Egilshöll:

Íbúaráð Grafarvogs beinir því til borgarráðs að fallist verði á framkomna hugmynd Fjölfnis um lagningu keppnisvallar og uppbyggingu áhorfendaaðstöðu við Egilshöll og leigusamning um þau mannvirki. Ljóst er að umræddar framkvæmdir munu bæta aðstæður til íþróttaiðkunar í Grafarvogi verulega og fullnægja gildandi kröfum KSÍ um leyfisveitingar vegna keppnisvalla. Þá liggur fyrir álit skipulagsstjóra um að þessar hugmyndir gangi upp skipulagslega.